

Ed. 174. Frumvarp til laga [29. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast allt að 2 250 000 króna lán til útgerðarmanna, sem stunda síldveiðar sumarið 1949.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast bráðabirgðalán til þeirra útgerðarmanna, er síldveiðar stunda sumarið 1949, og Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f veita.

2. gr.

Samanlögð ábyrgð ríkissjóðs vegna þessara lánveitinga má ekki fara fram úr kr. 2 250 000.00.

3. gr.

Taka skal á fjárlög fyrir 1950 fjárveitingu til endurgreiðslu lánanna, er samsvari því, sem ógreitt er af þeim 31. jan. það ár.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.